

**15.12.2011**

Tilvísun: **20111090014**

### **Viðskiptakerfi**

Sé um samrekstur á viðskiptakerfi að ræða hjá raforkufyrirtæki sem þjónar fleiri en einum orkumiðli t.d. raforku, heitu og köldu vatni skal kostnaði við rekstri þess skipt í hlutfalli við skráða rafmagns- og vatnsmæla í viðskiptakerfinu. Við skipti milli miðla skal taka tillit til ómældrar þekktrar notkunar (t.d. notenda þar sem gjald fyrir dreifingu er innheimt eftir uppsettu afli). Hlut raforku skal skipt til helminga milli söludeildar og dreifiveitu. Sé viðskiptakerfið nýtt fyrir aðra þjónustu skal einnig taka tillit til hennar t.d. á grundvelli fjölda notenda.